

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Arnarvatnsheiðar.

1. gr.

Nafn félagsins er Veiðifélag Arnarvatnsheiðar.

2. gr.

Heimili þess og varnarþing er þar sem formaður þess er búsettur hverju sinni.

3. gr.

Félagið nær til eftirtalinna jarða í Reykoldsdalshreppi hinum forna og Hálsahreppi hinum forna, sem upprekstur eiga á afréttarlandi hinna fornu hreppa á Arnarvatnsheiði: Arnheiðarstaðir, Auðsstaðir, Augastaðir, Búrfell, Giljar, Hellubær, Hofsstaðir, Hraunsás, Húsafell II, Húsafell III, Kollslækur, Norður-Reykir, Rauðsgil, Refsstaðir, Sigmundarstaðir, Signýjarstaðir, Stóri-Ás, Uppsalir, Úlfsstaðir, Ásgarður, Berg, Birkihlíð, Breiðabólsstaður, Brekkukot, Brennistaðir, Brennistaðir II, Brúsholt, Deildartunga, Deildartunga II, Geirshlíð, Giljahlíð, Gróf, Grímsstaðir, Hamrar, Hrísar, Hurðarbak, Hægindi, Hæll, Kjalvararstaðir, Kleppjárnsreykir, Klettur, Kópaleykir, Laugavellir, Litli-Kroppur, Nes, Reykholt, Runnar, Samtún, Skáney, Skógar, Snældubeinsstaðir, Steðji, Steindórsstaðir, Stóri-Kroppur, Sturlu-Reykir, Sturlu-Reykir II, Vilmundarstaðir.

Auk þess nær félagið til eftirtalinna býla: Hýrumelur, Björk, Garður, Skrúður, Sólbyrgi, Varmaland, Víðigerði.

Þá nær félagið einnig til þessara jarða í Hvítársíðuhreppi hinum forna: Gilsbakki, Kalmanstunga I og Kalmanstunga II.

Félagið nær yfir eftirtalin vötn og ár: Stóra-Lón, Arnarvatn litla, Arfavötnin tvö, Ólafsvatn, Veiðitjörn, Leggjarbrjótstjarnir, Mordíarvatn, Krummavatn, Jónsvatn, Krókavatn, Núpatjörn, Þorgeirsvatn, Þorgeirstjörn, Þorvaldsvötn, Hlíðarvatn, Litla-Hlíðarvatn, Hávaðavötn, Gilsbakkaá, Úlfsvatn, Úlfsvatnsá, Grunnuvötn, Syðra-Kvíslavatn, Djúpalón, Álftavötn, Kaldalón, Nautavatn og Nafnlausutjarnir í Drögum.

Félagið nær einnig til allra fiskgengra áa og lækja, sem í fyrrgreind vötn falla og tengja þau saman, svo og til þeirra vatna og tjarna þar sem fiskur er eða fiskrækt er möguleg í á áðurgreindu félagssvæði.

Neðri mörk félagssvæðisins eru við ós Refsveinu úr Stóra-Lóni og við ós Lambár úr Grunnavatni.

4. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og stuðla að skýnsamlegri nýtingu fiskstofna. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu og ráðstafar henni í samræmi við samþykkt félagsfundar.

Félaginu ber einnig að vernda vistkerfi vatnafiska á félagssvæðinu og koma í veg fyrir að verklegar framkvæmdir eða önnur starfsemi skaði lífríki þess. Félaginu er heimilt að stunda fiskrækt í samræmi við gilda fiskræktaráætlun á hverjum tíma.

5. gr.

Stjórn félagsins skipa fimm menn, formaður og meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Stjórnarmenn skulu eiga aðild að félaginu eða starfa í umboði

þeirra sem getið er í 3. gr. Stjórnarmenn ganga úr stjórninni á víxl, þannig: formaður gengur út eftir eitt ár, tveir meðstjórnendur út eftir tvö ár, tveir eftir þrjú ár og helst svo sama röð áfram.

Stjórnin skiptir með sér verkum. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan kosningu nema sérstök forföll hamli eða ef hann hefur verið í stjórn næstliðin þrjú ár. Kjósa skal þrjá varamenn til eins árs í senn og ákvarðar fundurinn um röð þeirra. Kjósa skal tvo skoðunarmenn og einn skoðunarmann til vara ár hvert.

6. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Aðalfundur ákveður þóknun fyrir störf stjórnar. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins sem vinna þarf á hverjum tíma og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu nema með skriflegu leyfi félagsstjórnar eða aðila sem veitir slík leyfi í umboði hennar. Í leyfinu skal tekið fram um veiditíma og veiditæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

7. gr.

Stjórnarmenn skulu víkja sæti við meðferð þeirra mála félagsins sem snerta hagsmuni þeirra eða venslamanna þeirra sérstaklega umfram aðra félagsmenn. Þeir skulu haga störfum sínum þannig að jafnræðis sé gætt meðal félagsmanna. Stjórn félagsins skal gæta andmælaréttar félagsmanns áður en mál sem snertir hagsmuni tiltekins félagsmanns umfram aðra félagsmenn er tekið til afgreiðslu á stjórnarfundum.

Stjórn félagsins skal ætíð gæta þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun í því er tekin.

Rísi ágreiningur um lögmati ákvörðunar félagsstjórnar eða fundar í félaginu getur félagsmaður kært ákvörðunina til Landbúnaðarstofnunar. Kærufrestur er þrjú mánuður frá því að ákvörðunin var tekin.

8. gr.

Aðalfundi í félaginu skal boða skriflega með dagskrá eigi síðar en 10 dögum fyrir fundardag. Aukafundi skal boða eigi síðar en 4 dögum fyrir fundardag, símleiðis eða bréflaga. Skyld er að boða fundi í félaginu með ábyrgðarbréfi ef breyta á samþykktum félagsins, arðskrá þess eða ráðstafa veiði á félagsfundum og skal þess getið í fundarboði. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum. Þó verður breyting á samþykkt eða arðskrá að hljóta samþykki 2/3 atkvæðisbærra félagsmanna. Nú verður breyting á samþykkt eða arðskrá ekki afgreidd vegna ófullnægjandi fundarsóknar og skal þá boða til annars fundar. Á þeim fundi ræður afl atkvæða.

Nú fer atkvæðagreiðsla fram á fundi skv. fyrirmælum 7. mgr. 40. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði, þar sem ráðast á í framkvæmdir sem hafa fjárútlát í för með sér er nema a.m.k. 25% af tekjum félagsins af veiði á því starfsári. Þá getur hver félagsmaður krafist þess að ákvörðun ráðist með greiðslu atkvæða er hafi vægi í samræmi við arðskrá félagsins. Gildir þá hver eining í arðskrá sem eitt atkvæði.

Greiða má atkvæði skriflega, enda sé þess getið í fundarbók. Um málefni, sem ekki er sérstaklega kveðið á í lögum eða samþykktum félagsins ræður afl atkvæða.

Á félagsfundum skal leggja fram skrá yfir atkvæðisbæra félagsmenn. Umboð sem lögð eru fram á fundum skulu skráð í fundargerðabók.

9. gr.

Aðalfund skal halda eigi síðar en 1. júní ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári ásamt fjárhagsáætlun félagsins fyrir komandi starfsár. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og ályktar fundurinn um þá. Aukafundi skal halda eftir þörfum eða ef ¼ félagsmanna æskir þess og tilgreinir fundarefnið.

10. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá og fundargerðir.

11. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiða gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

12. gr.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt 39. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi eldri samþykktir veiðifélagsins.

Landbúnaðarstofnun, 1. nóvember 2007.

Viktor S. Pálsson, forstöðumaður stjórnsýslusviðs.

B-deild – Útgáfud.: 21. nóvember 2007